

Auglýsing um friðlýsingu hluta Kasthúsatjarnar og aðliggjandi fjöru á Álftanesi

Að tillögu [Umhverfisstofnunar] og samkvæmt samþykki sveitarstjórnar Bessastaðahrepps sem landeiganda hefur umhverfisráðherra ákveðið að friðlýsa hluta Kasthúsatjarnar og umhverfi hennar á Álftanesi sem friðland í samræmi við 1. tölulið 53. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd, svo og aðliggjandi fjöru sem fólkvang í samræmi við 55. gr. sömu laga.

Markmið með friðlýsingu Kasthúsatjarnar og umhverfis hennar sem friðlands er að vernda tjörnina með fjölskrúðugu fuglalífi hennar og lífríki, en tjörnin er strandtjörn, grunn og lífrík. Tjörnin býr yfir líffræðilegri fjölbreytni og er ákjósanleg til rannsókna og fræðslu.

Markmið með friðlýsingu fjörunnar sem fólkvangs er að tryggja landsvæði til útivistar og almenningsnota. Fjaran og aðliggjandi sjávarsvæði eru sérstaklega áhugaverð til náttúruskoðunar svo sem fugla- og fjöruskoðunar. Aðgengi að svæðinu er gott og því ákjósanlegt til útikennslu.

Mörk friðlandsins og fólkvangsins eru sýnd á meðfylgjandi, hnitsettum uppdrætti, dags. 4. febrúar 2002 og eru hnitin eftirfarandi:

Punktur	Hnit: x, y	Punktur	Hnit: x, y
1	-27001.4865, 13934.2871	2	-26915.3938, 13854.6838
3	-26412.3967, 14154.9146	4	-26000.6764, 14080.9997
5	-26323.6461, 14028.9383	6	-26168.2346, 14147.3471
7	-26195.0287, 14183.0726	8	-26120.6006, 14331.9287
9	-26168.3565, 14368.3254	10	-26054.5496, 14543.0546
11	-26150.9145, 14594.0597		

Um hið friðlýsta svæði gilda eftirfarandi reglur:

1. Mannvirkjagerð og aðrar breytingar á landi eru háðar leyfi [Umhverfisstofnunar] og sveitarstjórnar Bessastaðahrepps. Bygging og viðhald sjóvarnargarða á vegum sveitarfélagsins og Siglingastofnunar Íslands er heimil.
2. Almennungi er heimil för um svæðið í lögmætum tilgangi enda sé góðrar umgengni gætt. Á varptíma, frá 1. maí til 1. júlí, er umferð fólks um friðlandið við Kasthúsatjörn takmörkuð, sjá uppdrátt.
3. Umferð lausra hunda um friðlandið við Kasthúsatjörn er bönnuð.
4. Fuglaveiðar í friðlandinu og innan fólkvangsins eru óheimilar svo og meðferð skotvopna. Sveitarstjórn Bessastaðahrepps getur þó veitt heimild til þess að verja fuglalíf svæðisins, t.d. vegna vargs, en ávallt í samræmi við lög nr. 64/1994.
5. Umferð vélknúinna farartækja um friðlandið og innan fólkvangsins er aðeins heimil vegna hlunninda og vegna verkefna á vegum sveitarfélagsins, sbr. 6. og 7. tölulið.
6. Losun jarðefna, rusls og sorps er óheimil í friðlandinu og innan fólkvangsins. Losun jarðefna til byggingar og viðhalds sjóvarnargarða, sbr. 1. tölulið, er heimil.
7. Hið friðlýsta svæði má nýta á sama hátt og tíðkast hefur, t.d. til beitar.
8. Sveitarstjórn Bessastaðahrepps mun, að höfðu samráði við [Umhverfisstofnun], framkvæma nauðsynlegar aðgerðir til að almenningur geti notið hins friðlýsta svæðis, svo

Stj.tíð. B nr. 663/2002

sem með lagningu göngustíga og uppsetningu fræðsluskilta þar sem því verður við komið.

Umhverfisnefnd Bessastaðahrepps hefur umsjón og eftirlit með friðlandinu og fólkvangnum í umboði [Umhverfisstofnunar] og sveitarstjórnar Bessastaðahrepps.

Um viðurlög vegna brota á reglum þessum fer eftir ákvæðum laga nr. 44/1999 um náttúruvernd.

Umhverfisráðuneytið er samþykkt friðlýsingunni sem tekur gildi við birtingu auglýsingarinnar í Stjórnartíðindum.

Umhverfisráðuneytinu, 5. júlí, 2002,

Siv Friðleifsdóttir.

Magnús Jóhannesson